# LAXVEIÐIN 1987

Guðni Guðbergsson

júní 1988 VMST-R/88026

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Hverfisgötu 116, Pósthólf 5252
125 Reykjavík.

INNGANGUR

Úrvinnsla veiðiskýrslna fyrir laxveiðina árið 1987 er nú að mestu lokið. Almennt má segja að gerð og skil veiðiskýrslna hafi verið góð. Þó eru veiðiár sem engar veiðiskýrslur hafa borist úr og jafnvel til að engar skýrslur hafi verið gerðar. Er þetta baglegt einkum þar sem skýrslugerð hefur verið samfelld mörg undanfarin ár. Nauðsynleget er öllum þeim sem um veiðimál sjá að halda árvekni um skýrslugerð og skýrsluskil, en veiðiskýrslur eru ein af umdirstöðum hvers konar fiskræktaraðgerða.
Veiðiskýrslur hafa borist úr öllum stærri laxveiðiánum og hefur það sem á vantar því ekki veruleg áhrif á heildarfjölda veiddra fiska á landinu.

Eins og flestum er kunnugt eru og hafa verið miklar sveiflur í laxveiði hér á landi. Orsakir þessara sveifla geta verið ýmsar og góð veiðiár koma til vegna þess að þá eru margir samverkandi þættir hagstæðir. Sem dæmi um þessa þætti má taka t.d. að hrygningarstofn þarf að vera hæfilegur, uppeldisskilyrði í ánum að vera hagstæð, seiðin verði sjóþroska á réttum tíma, sjóganga sé áfallalaus, skilyrði í sjó þurfa að vera hagstæð, uppganga fullorðna laxins sé snurðulaus og skilyrði til veiða hagstæð.

Hér á landi verða miklar breytingar á umhverfisþáttum milli ára og hamfarir svo sem flóð, þurrkar og langvarandi kuldatímabil eru algeng. Þrátt fyrir að Ísland sé lítið getur verið mikill munur á umhverfisaðstæðum milli landshluta. Með samanburði á laxveiði milli ára og landsvæða má glögglega sjá þennan mun.

AÐFERÐIR

Fyrir upphaf hvers veiðitímabils sendir Veiðimálastofnun út veiðibækur til skráningar á veiði á viðkomandi stöðum. Misjafnt er hvort það eru veiðiréttareigendur eða leigutakar sem hafa umsjón með færslu bókanna en skráningin er í höndum veiðimanna sjálfra. Að afloknu hverju veiðitímabili er bókunum safnað saman. Úr hverri bók eru tölvuskráðar upplýsingar um veiðitíma, fisktegund, kyn, þyngd, lengd og veiðarfæri. Heildarfjöldi laxa er reiknaður auk þess sem unnið er úr upplýsingunum og þær settar

upp í töflur. Á sama hátt er unnið úr upplýsingum fyrir hvern landshluta og landið í heild. Skipting í landshluta fylgir kjördæmaskiptingunni þ.a. sem dæmi þá nær Reykjanes að Botnsá í Hvalfirði. Laxgöngunni er skipt í smálax og stórlax og er átt við að smálax séu þeir sem dvalið hafa eitt ár í sjó en stórlax tvö ár eða lengur. Skiptingin er gerð við 8 pund (4 kg) hjá hængum en 9 pund (4,5 kg) hjá hrygnum. Slík skipting á göngunni gefur í flestum tilfellum rétta mynd. Hlutföll smálax/stórlax var reiknað út en sýnt hefur verið fram á fylgni milli fjölda smálaxa og stórlaxa árið eftir (Jón Kristjánsson 1982, Scarnecchia 1984). Reiknuð var út meðalveiði valinna laxveiðiáa ásamt minnstu- og mestuveiði. Staðalfrávik frá meðaltali var reiknað ásamt breytileikastuðli (coefficient of variation) sem er % hlutfall staðalfráviks af meðaltali en það gefur til kynna þær sveiflur sem verða í laxveiðinni. Breytileikastuðull fer hækkandi eftir því sem sveiflur eru meiri. Meðal breytileikastuðull áranna 1974 - 1986 er reiknaður fyrir hvern landshluta þar sem munur á umhverisaðstæðum milli þeirra getur verið mjög mikill, t.d. hvað varðar hitastig, úrkomu, og ríkjandi gerðir áa. Við útreikininga breytileikastuðuls í veiði eru þær ár sem vitað er að sveiflur hafi orðið í af öðrum orsökum en náttúrulegum svo sem stækkun uppeldis- eða veiðisvæða og breytinga í veiðiálagi ekki teknar með.

## NIÐURSTOÐUR

Heildarlaxveiði á Íslandi árið 1987 var samkvæmt veiðiskýrslum 47.867 laxar sem skiptust þannig að 33.907 veiddust á stöng en 13.960 í net. Að auki endurheimtust 14.140 laxar úr hafbeit. Flestir þeirra laxa sem veiddust á stöng voru á Vesturlandi 10.879 en fæstir á Vestfjörðum 716 (tafla 1.) Meðalþungi var hæstur á Norðurlandi vestra 9,2 pund en lægstur á Reykjanesi 4,7 pund. Heildarþungi stangveiddra laxa var 136.103 kg. Hlutfall smálax/stórlax var lægst á Norðurlandi eystra eða 0,69:1 (tafla 1.). Alls voru bókaðir 5.556 urriðar flestir þeirra á Norðurlandi eystra eða 1.569. Fjöldi bókaðra bleikja var 11.334 flestar á Norðurlandi vestra eða 2.966. Flestir laxar veiddust í Laxá í Aðaldal en röð 10 efstu laxveiðiánna er

sýnd í töflu 2 og sundurliðun veiðinnar í hverri á fyrir sig er gefin í töflum 3 - 9.

Af þeim landshlutm þar sem laxveiði var stunduð með netum veiddust flestir laxar í Borgarfirði 7.070 og næst kom Suðurland með 6.075 en afli var mun minni í öðrum landshlutm (tafla 10). Hæst meðalþyngd netveiddra laxa var á Austurlandi 7,0 pund. Heildarþungi netveiddralaxa var 45.197 kg.

Endurheimtur í hafbeitarstöðvar sumarið 1987 voru 14.140 laxar (Veiðimálastofnun 1988). Heildarþungi hafbeitarlaxa var 38.178 kg sem þýðir að meðalþyngd hafbeitarlaxa hafi verið 5,4 pund. Stærstur hluti allra hafbeitarlaxa endurheimtust á Reykjanesi eða 10.971 (tafla 11).

Samanlagður þungi þeirra 47.867 laxa sem veiddust á stöng og í net var 181,3 tonn og að viðbættum hafbeitarlaxi 219,5 tonn.

Breytileikastuðull gefur til kynna sveiflur í veiði milli ára. Hár breytileikastuðll gefur til kynna meiri sveiflur í laxveiðinni milli ára. Breytileikastuðull stangveiddra laxa, skipt eftir landshlutum fyrir tímabilið 1974 - 1986 er lægstur á Vesturlandi 19,2%, en hæstur á Asturlandi 54,1% (1. mynd, tafla 12). Breytileikatuðull fyrir hverja á er í flestum tilfellum hærri en landshlutans í heild (töflur 12 og 13 ). Þær ár sem renna úr eða um stöðuvötn eru í flestum tilfellum stöðugri en þær sem ekki hafa stöðuvötn á vatnakerfinu.

## UMRÆDUR OG ÁLYKTANIR

Laxveiðin 1987 var svipuð meðalveiði áranna 1974 - 1984. Fyrir veiðitíma var því spáð að veiði yrði meiri en í meðalári en veiði á smálaxi varð nokkru minni en ráð var fyrir gert. Stafaði það meðal annars bæði af því hve seint smálaxinn gekk og einnig vegna þess hve ár voru vatnslitlar sunnanlands og vestan sem gerði það að verkum að veiðin náði ekki að endurspegla stærð göngunnar.

Netaveiðin var um 20% minni 1987 en meðalnetaveiði áranna 1976 - 1986 (Guðni Guðbergsson og Einar Hannesson 1987). Hlutfall netaveiði á móti stangveiði var lægra nú en hún var 1976-1986 og stafar það sennilega að mestu leiti af því hve netalögnum hefur fækkað á þeim tveimur vatnasvæðum sem netaveiði er einkum stunduð á þ.e. í Borgarfirði og Árnessýslu.

Fjöldi hafbeitarlaxa var nokkru minni en hann var næstu tvö ár þar á undan en það stafar einkum af því að engum seiðum var sleppt í hafbeit frá Laxeldisstöð ríkisins vorið 1986. Allt bendir nú til að hafbeit eigi eftir að aukast verulega á næstu árum samkvæmt framleiðsluáformum fiskeldisfyrirtækja (Veiðimálastofnun 1988). Líkur benda til að fjöldi hafbeitarlaxa verði orðin meiri en fjöldi veiddra náttúrulegra laxa innan fárra ára.

Sveiflur í laxveiði hafa ætíð verið miklar einkum hafa þær verið miklar á Austurlandi. Út frá breytileikastuðlinum má sjá hvaða svæði sveiflast að jafnaði meira en önnur. Sveiflur í laxgengd stafa af breytilegum umhverfisskilyrðum í sjónum og í ánni. Það að sveiflur á landshlutanum í heild eru minni en í einstökum ám stafar af því að sveiflur milli áa innan sama landshluta eru ekki alltaf í takt. Þetta ásamt mikils munar milli landshluta bendir til að sveiflur í veiði séu fremur háðar sveiflum í ánni sjálfri þó líklegt sé að það sé fylgni milli ástands sjávar og ástands í ánum.

Út frá smálaxagengd 1987 má búast við að veiði á stórlaxi verði minni 1988 en hún var 1987. Þó má búast við sæmilegri stórlaxaveiði á Norður og Austurlandi. Um smálaxaveiði er erfitt að spá en ætla má að hún verði í rúmu meðallagi.

## HEIMILDIR

Guðni Guðbergsson og Einar Hannesson 1987. Laxveiðin 1986. VMST-R/87014. 9 bls.

Jón Kristjánsson 1982. Athugun á veiðiskýrslum úr nokkrum laxveiðiám NA- og A-lands 1969-1981. Ægir 75: 121-126.

Scarnecchia, D.L. 1984. Forecasting yields of two-sea-winter Atlantic salmon (Salmo salar) from Icelandic rivers. Can. J. Aquat. Sci. 41:1234-1240.

Veiðimálastofnun 1988. Framleiðsla í íslensku fiskeldi árið 1987 og framleiðsluáform næstu ár. VMST-R/88002. 15 bls.

Tafla 1. Heildarfjöldi stangveiddra laxa á Íslandi 1987 samkvæmt veiðiskýrslum, skipt eftir landshlutum, ásamt heildar- og meðalþyngdum, fjölda smá og stórlaxa og hlutfalli þeirra. Fjölda bókaðra silunga er á sama hátt skipt eftir landshlutm.

| Landshluti | heildar fjöldi laxa | heildar þungi (pund) | meðal- þungi (pund) | fjöldi 1 ár í sjó | fjöldi 2 ár í sjó | hlutfall smálax/ stórlax | fjöldi urriða | fjöldi bleikja |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjanes | 2943 | 14921 | 4,7 | 2681 | 260 | 10,3:1 | 48 | 8 |
| Vesturland | 10879 | 69253 | 6,0 | 8456 | 2390 | 7,47:1 | 558 | 1795 |
| Vestfirðir | 716 | 5840 | 7,9 | 379 | 332 | 1,1:1 | 41 | 1265 |
| Norðurland vestra | 7939 | 76537 | 9,2 | 3481 | 4456 | 0,8:1 | 1552 | 2966 |
| Norðurland eystra | 5098 | 51259 | 8,7 | 2064 | 2983 | 0,69:1 | 1569 | 2737 |
| Austurland | 4201 | 36387 | 7,4 | 1944 | 1733 | 1,1:1 | 248 | 1816 |
| Suðurland | 2131 | 18009 | 6,8 | 1387 | 744 | 1,86:1 | 1540 | 747 |
| Samtals: | 33907 | 272206 | 7,2 | 20392 | 12898 | 3,33:1 | 5556 | 11334 |

136,1 tonn

Tafla 2. Tíu efstu laxveiðárnar 1987.

| Nafn ár | fjöldi veiddra laxa |
|---|---|
| Laxá í Aðaldal | 2422 |
| Hofsá íVopnafirði | 1710 |
| Blanda og Svartá | 1705 |
| Þverá og Kjarrá | 1703 |
| Víðidalsá og Fitjá | 1563 |
| Selá í Vopnafirði | 1523 |
| Vatnsdalsá | 1496 |
| Laxá í Dölum | 1408 |
| Elliðaár | 1157 |
| Laxá á Ásum | 1157 |

Tafla 3. Fjöldi stangveddra laxa á Reykjanesi sumarið 1987 ásamt þunga, meðalþunga, skiptingu í smálax og stórlax, hlutföllum þeirra og fjölda skráðra silinga í viðkomandi á. (Þyngdarmörk stórlaxa er hjá hængum yfir 8 pund og hrygnum yfir 9 pund).

| NAFN ÁR | FJÖLDI LAXA | ÞYNGD LAXA | HEILDAR MEÐALÞ | FJÖLDI SMALAX | MEÐALÞ SMALAX | FJÖLDI STORLAX | MEÐALÞ STORLAX | FJÖLDI ANÞYNGD | FJÖLDI URRIÐA | FJÖLDI BLEIKJA | HLUTFALL SMALAX/STORLAX |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ELLIÐAAR | 1175 | 5567 | 4,7 | 1115 | 4,4 | 60 | 10,4 | 0 | 0 | 0 | 18,6 : 1 |
| ULFARSA (KORPA) | 245 | 1054 | 4,4 | 233 | 4,0 | 12 | 10,1 | 0 | 8 | 0 | 19,4 : 1 |
| LEIRVOGSA | 291 | 1370 | 4,7 | 264 | 4,0 | 25 | 12,4 | 2 | 18 | 2 | 10,6 : 1 |
| KIÐAFELLSA | 10 | 39 | 3,9 | 10 | 3,9 | 0 | 0,0 | 0 | 8 | 0 | |
| LAXA I KJOS | 933 | 5305 | 5,7 | 804 | 4,8 | 129 | 11,0 | 0 | 9 | 4 | 6,2 : 1 |
| BUGÐA | 230 | 1289 | 5,6 | 204 | 5,0 | 26 | 10,2 | 0 | 3 | 0 | 7,8 : 1 |
| BRYNJUDALSA | 59 | 297 | 5,0 | 51 | 3,9 | 8 | 12,0 | 0 | 2 | 2 | 6,4 : 1 |
| REYKJANES SAMTALS | 2943 | 14921 | 4,7 | 2681 | 4,3 | 260 | 9,4 | 2 | 48 | 8 | 10,3 : 1 |

Tafla 4. Fjöldi stangveiddra laxa á Vesturlandi sumarið 1987 ásamt þunga, meðalþunga, skiptingu í smálax og stórlax, hlutföllum þeirra og fjölda skráðra silunga í viðkomandi á. (Þyngdarmörk stórlaxa er hjá hængum yfir 8 pund og hrygnum yfir 9 pund).

| NAFN ÁR | FJÖLDI LAXA | ÞYNGD LAXA | HEILDAR MEÐALÞ. | FJÖLDI SMÁLAX | MEÐALÞ. SMÁLAX | FJÖLDI STÓRLAX | MEÐALÞ. STÓRLAX | FJÖLDI ÁNÞYNGD | FJÖLDI URRIÐA | FJÖLDI BLEIKJA | HLUTFALL SMÁLAX/STÓRLAX |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| BOTNSÁ | 33 | 144 | 4,4 | 29 | 3,7 | 4 | 9,3 | 0 | 2 | 0 | 7,25 : 1 |
| LAXÁ Í LEIRÁRSVEIT | 914 | 5119 | 5,9 | 802 | 4,8 | 112 | 11,4 | 0 | 157 | 0 | 7,16 : 1 |
| ANDAKÍLSÁ | 136 | 813 | 6,0 | 119 | 5,2 | 17 | 11,5 | 0 | 4 | 10 | 7,00 : 1 |
| HVÍTÁ Í BORGARFIRÐI | 514 | 3161 | 6,2 | 432 | 4,7 | 82 | 13,6 | 0 | 152 | 27 | 5,27 : 1 |
| GRÍMSÁ | 825 | 4718 | 5,7 | 718 | 4,8 | 105 | 12,3 | 2 | 71 | 1 | 6,84 : 1 |
| FLÓKADALSÁ | 282 | 1294 | 4,6 | 269 | 4,3 | 13 | 11,0 | 0 | 5 | 0 | 20,69 : 1 |
| REYKJADALSÁ | 42 | 237 | 5,6 | 37 | 5,2 | 4 | 9,5 | 1 | 5 | 0 | 9,25 : 1 |
| ÞVERÁ OG KJARRÁ | 1703 | 12099 | 7,1 | 1185 | 4,9 | 515 | 12,1 | 3 | 35 | 5 | 2,30 : 1 |
| NORÐURÁ | 1034 | 6128 | 5,9 | 790 | 4,4 | 243 | 10,9 | 1 | 13 | 14 | 3,25 : 1 |
| GLJÚFURÁ | 73 | 297 | 4,1 | 72 | 4,1 | 1 | | 1 | 8 | 0 | 72,00 : 1 |
| LANGÁ | 1023 | 5556 | 5,4 | 880 | 4,5 | 136 | 11,3 | 7 | 8 | 2 | 6,47 : 1 |
| URRIÐAÁ | 16 | 80 | 5,3 | 13 | 4,7 | 2 | 9,8 | 1 | 18 | 30 | 6,50 : 1 |
| ÁLFTÁ | 202 | 1198 | 5,9 | 173 | 5,1 | 25 | 11,5 | 4 | 29 | 0 | 6,92 : 1 |
| HÍTARÁ | 273 | 1951 | 7,2 | 188 | 5,0 | 85 | 11,9 | 0 | 5 | 193 | 2,21 : 1 |
| HAFFJARÐARÁ | 521 | 4171 | 8,0 | 299 | 5,0 | 221 | 12,1 | 1 | 5 | 10 | 1,35 : 1 |
| NÚPÁ Í EYJAHREPPI | 22 | 132 | 6,0 | 18 | 4,6 | 4 | 12,5 | 0 | 3 | 47 | 4,50 : 1 |
| STRAUMFJARÐARÁ | 161 | 1068 | 6,6 | 126 | 5,1 | 35 | 12,1 | 0 | 0 | 0 | 3,60 : 1 |
| URRIÐAÁ Í ÁLFTANESHR | 16 | 80 | 5,3 | 13 | 4,7 | 2 | 9,8 | 1 | 18 | 30 | 6,50 : 1 |
| SETBERGSÁ | 100 | 519 | 4,7 | 90 | 4,7 | 10 | 9,6 | 0 | 3 | 155 | 9,00 : 1 |
| DUNKÁ | 68 | 412 | 6,1 | 54 | 4,8 | 14 | 11,0 | 0 | 2 | 2 | 3,86 : 1 |
| LAXÁ Á SKÓGARSTRÖND | 117 | 694 | 5,9 | 102 | 5,1 | 15 | 11,3 | 0 | 0 | 27 | 6,80 : 1 |
| HÖRÐUDALSÁ | 18 | 120 | 6,7 | 11 | 4,2 | 7 | 10,6 | 0 | 7 | 18 | 1,57 : 1 |
| HAUKADALSÁ | 650 | 4226 | 6,5 | 467 | 4,6 | 183 | 11,6 | 0 | 0 | 679 | 2,55 : 1 |
| LAXÁ Í DÖLUM | 1408 | 10675 | 7,6 | 999 | 5,4 | 387 | 13,2 | 22 | 1 | 35 | 2,58 : 1 |
| FÁSKRÚÐ | 381 | 2307 | 6,1 | 300 | 4,8 | 81 | 10,7 | 0 | 0 | 0 | 3,70 : 1 |
| GLERÁ | 10 | 67 | 6,7 | 5 | 3,5 | 5 | 9,8 | 0 | 0 | 0 | 1,00 : 1 |
| FLEKKUDALSÁ | 129 | 745 | 5,8 | 103 | 4,4 | 26 | 11,2 | 0 | 2 | 104 | 3,96 : 1 |
| KRÓSSÁ | 51 | 277 | 5,4 | 41 | 4,3 | 10 | 10,1 | 0 | 2 | 5 | 4,10 : 1 |
| BÚÐARDALSÁ | 56 | 343 | 6,2 | 44 | 4,5 | 12 | 11,9 | 0 | 0 | 0 | 3,67 : 1 |
| STAÐARHÓLSÁ OG HVOLS | 101 | 622 | 6,2 | 77 | 4,4 | 34 | 11,6 | 0 | 3 | 401 | 2,26 : 1 |
| VESTURLAND | | | | | | | | | | | |
| SAMTALS | 10879 | 69253 | 6,0 | 8456 | 4,7 | 2390 | 11,2 | 44 | 558 | 1795 | 7,47 : 1 |

Tafla 5. Fjöldi stangveiddra laxa á Vestfjörðum sumarið 1987 ásamt þunga, meðalþunga, skiptingu í smálax og stórlax, hlutföllum þeirra og fjölda skráðra silunga í viðkomandi á. (Þyngdarmörk stórlaxa er hjá hængum yfir 8 pund og hrygnum yfir 9 pund).

| NAFN<br>AR | FJÖLDI<br>LAXA | ÞYNGD<br>LAXA | HEILDAR<br>MEÐALÞ. | FJÖLDI<br>SMALAX | MEÐALÞ.<br>SMALAX | FJÖLDI<br>STORLAX | MEÐALÞ.<br>STORLAX | FJÖLDI<br>ANÞYNGD | FJÖLDI<br>URRIÐA | FJÖLDI<br>BLEIKJA | HLUTFALL<br>SMALAX/STORLAX |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| FJARÐARHORNSA | 12 | 65 | 5,4 | 10 | 5,0 | 1 | 10,0 | 1 | 0 | 20 | 10,0 : 1 |
| SUÐURFOSSA | 56 | 368 | 6,6 | 39 | 4,9 | 14 | 11,3 | 3 | 0 | 204 | 2,8 : 1 |
| LAUGARDALSA | 190 | 1420 | 7,5 | 124 | 5,1 | 66 | 11,9 | 38 | 38 | 1 | 1,9 : 1 |
| LANGADALSA | 67 | 551 | 8,5 | 27 | 5,4 | 38 | 10,6 | 2 | 0 | 42 | 0,7 : 1 |
| ISAFJARÐARA | 3 | 24 | 6 | 3 | 4,0 | 1 | 12,0 | 0 | 0 | 1 | 3,0 : 1 |
| SELA I STEINGRIMSFIR | 18 | 131 | 7,3 | 11 | 4,8 | 7 | 11,1 | 0 | 0 | 261 | 1,6 : 1 |
| STAÐARA I STEINGRIMS | 40 | 360 | 9 | 18 | 5,4 | 22 | 11,9 | 0 | 0 | 584 | 0,8 : 1 |
| HRÓFA | 23 | 216 | 9,4 | 10 | 5,3 | 13 | 12,5 | 0 | 2 | 84 | 0,8 : 1 |
| KROSSA I BITRUF. | 121 | 1164 | 9,6 | 45 | 4,9 | 76 | 12,4 | 0 | 1 | 1 | 0,6 : 1 |
| HVALSA | 34 | 338 | 9,9 | 13 | 5,6 | 21 | 12,6 | 0 | 0 | 7 | 0,6 : 1 |
| BAKKA | 43 | 321 | 7,5 | 23 | 4,2 | 20 | 11,3 | 0 | 0 | 0 | 1,2 : 1 |
| LAXA I HRUTAFIRÐI | 69 | 581 | 8,4 | 34 | 4,6 | 35 | 12,1 | 0 | 0 | 0 | 1,0 : 1 |
| VIKURA I HRUTAFIRÐI | 40 | 301 | 7,5 | 22 | 4,8 | 18 | 10,9 | 0 | 0 | 60 | 1,2 : 1 |
| SAMTALS<br>VESTFIRÐIR | 716 | 5840 | 7,9 | 379 | 4,9 | 332 | 11,6 | 44 | 41 | 1265 | 1,1 : 1 |

Tafla 6. Fjöldi stangveiddra laxa á Norðurlandi vestra sumarið 1987 ásamt þunga, meðalþunga, skiptingu í smálax og stórlax, hlutföllum þeirra í göngunni og fjölda skráðra silunga í viðkomandi á. (Þyngdarmörk stórlaxa er hjá hængum yfir 8 pund og hrygnum yfir 9 pund).

| NAFN<br>AR | FJÖLDI<br>LAXA | ÞYNGD<br>LAXA | HEILDAR<br>MEÐALÞ. | FJÖLDI<br>SMALAX | MEÐALÞ.<br>SMALAX | MEÐALÞ.<br>STORLAX | FJÖLDI<br>ANÞYNGD | FJÖLDI<br>ANÞYNGD | FJÖLDI<br>URRIÐA | FJÖLDI<br>BLEIKJA | HLUTFALL<br>SMALAX/STORLAX |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| HRUTAFJARÐARA OG SIK | 259 | 2357 | 9,1 | 118 | 4,7 | 141 | 12,8 | 0 | 1 | 269 | 0,8 : 1 |
| MIÐFJARÐARAR | 1073 | 9917 | 9,2 | 399 | 4,8 | 673 | 11,9 | 0 | 20 | 236 | 0,6 : 1 |
| VIÐIDALSA OG FITJA | 1563 | 16393 | 10,5 | 643 | 5,3 | 920 | 14,1 | 0 | 0 | 1325 | 0,7 : 1 |
| VATNSDALSA | 1496 | 16802 | 11.4 | 491 | 5,3 | 986 | 14,4 | 19 | 366 | 727 | 0,5 : 1 |
| LAXA A ASUM | 1157 | 7971 | 6.9 | 874 | 5,3 | 298 | 11,5 | 0 | 3 | 1 | 2,9 : 1 |
| FREMRI LAXA | 15 | 83 | 5,5 | 13 | 4,9 | 2 | 9,5 | 0 | 1069 | 137 | 6,5 : 1 |
| BLANDA | 1243 | 12154 | 9,8 | 516 | 5,2 | 727 | 12,3 | 0 | 1 | 9 | 0,7 : 1 |
| SVARTA | 462 | 4720 | 10,2 | 129 | 4,9 | 332 | 12,3 | 1 | 1 | 13 | 0,4 : 1 |
| LAXA YTRI | 132 | 1181 | 9,0 | 65 | 4,9 | 67 | 12,8 | 0 | 14 | 5 | 1,0 : 1 |
| HALLA | 60 | 505 | 8,4 | 26 | 4,7 | 34 | 11,2 | 0 | 4 | 3 | 0,8 : 1 |
| FOSSA I SKEF. | 20 | 206 | 10,3 | 6 | 6,0 | 14 | 12,1 | 0 | 0 | 1 | 0,4 : 1 |
| LAXA I SKEF. | 176 | 1612 | 9,2 | 70 | 5,2 | 106 | 11,8 | 0 | 13 | 123 | 0,7 : 1 |
| SÆMUNDARA | 32 | 276 | 8,6 | 19 | 5,5 | 13 | 13,2 | 0 | 0 | 0 | 1,5 : 1 |
| HUSEYJARKVISL | 101 | 862 | 8,5 | 55 | 5,3 | 45 | 12,5 | 1 | 60 | 7 | 1,2 : 1 |
| FLOKADALSA | 38 | 392 | 10,3 | 13 | 5,7 | 30 | 13,2 | 0 | 0 | 110 | 0,4 : 1 |
| FLJOTAA | 112 | 1106 | 9,9 | 44 | 5,7 | 68 | 12,6 | 0 | 0 | 0 | 0,6 : 1 |
| SAMTALS<br>NORÐURLAND VESTRA | 7939 | 76537 | 9,2 | 3481 | 5,2 | 4456 | 12,4 | 21 | 1552 | 2966 | 0,8 : 1 |

Tafla 7. Fjöldi stangveiddra laxa á Norðurlandi eystra sumarið 1987 ásamt þunga, meðalþunga, skiptingu í smálax og stórlax, hlutföllum þeirra í göngunni og fjölda skráðra silunga í viðkomandi á. (Þyngdarmörk stórlaxa er hjá hængum yfir 8 pund og hrygnum yfir 9 pund).

| NAFN ÁR | FJÖLDI LAXA | ÞYNGD LAXA | HEILDAR MEÐALÞ. | FJÖLDI SMÁLAX | MEÐALÞ. SMÁLAX | FJÖLDI STÓRLAX | MEÐALÞ. STÓRLAX | FJÖLDI ÁNÞYNGD | FJÖLDI URRIÐA | FJÖLDI BLEIKJA | HLUTFALL SMÁLAX/STÓRLAX |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| EYJAFJARÐARÁ | 13 | 86 | 6,6 | 10 | 5,2 | 3 | 11,3 | 0 | 34 | 1557 | 3,33 : 1 |
| FNJÓSKÁ | 93 | 818 | 8,8 | 47 | 5,2 | 46 | 11,3 | 0 | 20 | 496 | 1,02 : 1 |
| DJÚPÁ | 80 | 688 | 8,6 | 4 | 5 | 39 | 12,4 | 0 | 3 | 1 | 0,10 : 1 |
| SKJÁLFANDAFLJÓT | 503 | 4452 | 8,9 | 257 | 5,2 | 245 | 12,8 | 3 | 591 | 275 | 1,05 : 1 |
| LAXÁ Í AÐALDAL | 2422 | 27671 | 11,4 | 729 | 5,4 | 1682 | 14 | 11 | 835 | 35 | 0,43 : 1 |
| REYKJADALSÁ | 241 | 1889 | 7,8 | 121 | 5 | 120 | 10,7 | 0 | 0 | 0 | 1,01 : 1 |
| MÝRARKVÍSL | 252 | 2063 | 8,2 | 134 | 4,7 | 118 | 12,2 | 0 | 29 | 2 | 1,14 : 1 |
| ORMARSÁ | 275 | 2638 | 9,6 | 120 | 5,3 | 155 | 12,9 | 0 | 35 | 245 | 0,77 : 1 |
| DEILDARÁ | 178 | 1412 | 7,9 | 102 | 5,3 | 76 | 12,8 | 0 | 3 | 21 | 1,34 : 1 |
| SVALBARÐSÁ | 176 | 1487 | 8,5 | 98 | 5 | 78 | 12,8 | 0 | 1 | 17 | 1,26 : 1 |
| SANDÁ | 403 | 4120 | 10,2 | 186 | 5,9 | 217 | 14 | 0 | 3 | 16 | 0,86 : 1 |
| HÖLKNÁ | 131 | 1117 | 8,5 | 76 | 5,1 | 55 | 13,3 | 1 | 4 | 8 | 1,38 : 1 |
| HAFRALÓNSÁ | 296 | 2513 | 8,5 | 162 | 4,9 | 133 | 12,9 | 1 | 11 | 64 | 1,22 : 1 |
| GÆSAGILSÁ (DALH.) | 35 | 305 | 8,7 | 18 | 5,1 | 16 | 12,8 | 0 | 0 | 0 | 1,13 : 1 |
| SAMTALS NORÐURLAND EYSTRA | 5098 | 51259 | 8,7 | 2064 | 5,2 | 2983 | 12,6 | 16 | 1569 | 2737 | 0,69 : 1 |

Tafla 8. Fjöldi stangveiddra laxa á Austurlandi sumarið 1987 ásamt þunga, meðalþunga, skiptingu í smálax og stórlax, hlutföllum þeirra í göngunni og fjölda skráðra silunga í viðkomandi á. (Þyngdarmörk stórlaxa er hjá hængum yfir 8 pund og hrygnum yfir 9 pund).

| NAFN ÁR | FJÖLDI LAXA | ÞYNGD LAXA | HEILDAR MEÐALÞ. | FJÖLDI SMÁLAX | MEÐALÞ. SMÁLAX | FJÖLDI STÓRLAX | MEÐALÞ. SMÁLAX | FJÖLDI ÁNÞYNGD | FJÖLDI URRIÐA | FJÖLDI BLEIKJA | HLUTFALL SMÁLAX/STÓRLAX |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| MIÐFJARÐARÁ | 206 | 1588 | 7,7 | 125 | 4,9 | 80 | 12,1 | 1 | 1 | 7 | 1,6 : 1 |
| SELÁ Í VOPNAFIRÐI | 1533 | 13492 | 8,8 | 496 | 5,0 | 529 | 12,3 | 0 | 3 | 249 | 0,9 : 1 |
| VESTURDALSÁ | 380 | 2849 | 7,5 | 244 | 5,1 | 131 | 12,0 | 5 | 3 | 506 | 1,9 : 1 |
| HOFSÁ Í VOPNAFIRÐI | 1710 | 16318 | 9,5 | 760 | 5,4 | 942 | 12,9 | 9 | 11 | 357 | 0,8 : 1 |
| SELFLJÓT OG GILSÁ | 32 | 226 | 7,1 | 26 | 4,9 | 6 | 16,5 | 0 | 33 | 230 | 4,3 : 1 |
| SUNNUDALSÁ | 83 | 482 | 5,9 | 69 | 4,8 | 13 | 11,6 | 1 | 0 | 14 | 5,3 : 1 |
| BREIÐDALSÁ | 257 | 1432 | 5,6 | 224 | 4,8 | 32 | 11,2 | 1 | 197 | 453 | 7,0 : 1 |
| SAMTALS AUSTURLAND | 4201 | 36387 | 7,4 | 1944 | 5,0 | 1733 | 12,7 | 17 | 248 | 1816 | 1,1 : 1 |

Tafla 9. Fjöldi stangveiddra laxa á Suðurlandi sumarið 1987 ásamt þunga, meðalþunga, skiptingu í smálax og stórlax, hlutföllum þeirra í göngunni og fjölda skráðra silunga í viðkomandi á. (Þyngdarmörk stórlaxa er hjá hængum yfir 8 pund og hrygnum yfir 9 pund).

| NAFN<br>ÁR | FJÖLDI<br>LAXA | ÞYNGD<br>LAXA | HEILDAR<br>MEÐALÞ. | FJÖLDI<br>SMÁLAX | MEÐALÞ.<br>SMÁLAX | FJÖLDI<br>STÓRLAX | MEÐALÞ.<br>STÓRLAX | FJÖLDI<br>ANÞYNGD | FJÖLDI<br>URRIÐA | FJÖLDI<br>BLEIKJA | HLUTFALL<br>SMÁLAX/STÓRLAX |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| GEIRLANDSÁ | 32 | 198 | 6,2 | 24 | 4,8 | 8 | 10,3 | 0 | 362 | 60 | 3,00 : 1 |
| SKAFTÁ VATNAMÓT | 5 | 22 | 4,4 | 5 | 4,4 | 0 | 0 | 0 | 442 | 14 | |
| ELDVATN Í MEÐALLANDI | 11 | 64 | 5,8 | 9 | 4,8 | 2 | 10,5 | 0 | 84 | 21 | 4,50 : 1 |
| TUNGUFLJÓT | 20 | 142 | 7,1 | 14 | 5,2 | 6 | 11,5 | 0 | 62 | 63 | 2,33 : 1 |
| KÁLFÁ | 15 | 73 | 4,9 | 15 | 4,9 | 0 | 0 | 0 | 98 | 196 | |
| HVÍTÁ | 965 | 9132 | 9,1 | 540 | 5,5 | 425 | 13,9 | 2 | 52 | 40 | 1,27 : 1 |
| ÖLFUSÁ | 393 | 3207 | 8,2 | 297 | 5,8 | 96 | 14,0 | 0 | 10 | 1 | 3,09 : 1 |
| BRÚARÁ | 76 | 684 | 9 | 39 | 5,1 | 37 | 13,1 | 0 | 0 | 22 | 1,05 : 1 |
| STÓRA LAXÁ | 113 | 843 | 7,7 | 78 | 5,2 | 35 | 11,7 | 0 | 25 | 62 | 2,23 : 1 |
| SOG | 490 | 3584 | 7,3 | 357 | 4,9 | 133 | 13,8 | 0 | 2 | 255 | 2,68 : 1 |
| VEIÐIFÉL FLÓAMANNA | 11 | 60 | 5,5 | 9 | 4,1 | 2 | 11,5 | 0 | 403 | 13 | 4,50 : 1 |
| SAMTALS<br>SUÐURLAND | 2131 | 18009 | 6,8 | 1387 | 5,0 | 744 | 10,0 | 2 | 1540 | 747 | 1,86 : 1 |

Tafla 10. Heildarfjöldi, þyngd og meðalþyngd netveiddra laxa á Íslandi sumarið 1987 skipt eftir landshlutum. (* = þyngd áætluð út frá meðalþyngd stangveiddra laxa á sama vatnasvæði).

| Landshluti | fjöldi veiddra laxa | þyngd veiddra laxa (kg) | meðalþyngd (pund) |
|---|---|---|---|
| Vesturland | 7.070 | 21.754 | 6,2 |
| Norðurland vestra | 359 | 1.092 | 6,1 |
| Norðurland eystra | 149 | 451 | 6,0 |
| Austurland | 307 | 1.075 | 7,0 |
| Suðurland | 6.075 | 20.825 | 6,9* |
| Samtals | 13.960 | 45.197 | 6,4 |

Tafla 11. Fjöldi endurheimtra laxa í hafbeit á Íslandi 1987 skipt eftir landshlutum (Tölurnar eru fengnar frá Valdimari Gunnarssyni 1988).

| Landshluti | fjöldi endurheimtra laxa |
|---|---|
| Reykjanes | 10.971 |
| Vesturland | 1.943 |
| Vestfirðir | 68 |
| Norðurland vestra | 60 |
| Norðurland eystra | 918 |
| Austurland | 180 |
| Samtals | 14.140 |

Reiknað er með að meðalþyngd hafbeitarlaxa sé 2,7 kg og var heildarþungi hafbeitarlaxa því 38.178 ( Veiðimálastofnun 1988. ).

Tafla 12. Meðal breytileikastuðull (coefficient of variation) laxveiðinnar 1974 - 1986 skipt eftir landshlutum. (Ekki eru teknar með þær ár sem vitað er að breytingar hafi orðið á fiskgengd af öðrum orsökum en náttúrulegum.)

| Landshluti | meðalveiði | staðalfrávik | breytileikatuðull |
|---|---|---|---|
| Vesturland | 14714 | 2832,1 | 19,2 |
| Vestfirðir | 586 | 259,4 | 44,3 |
| Norðurland vestra | 6585 | 1884,8 | 28,6 |
| Norðurland | 493 | 230,4 | 46,8 |
| Norðausturland | 3597 | 1944,3 | 54,1 |
| Suðurland | 1028 | 322,1 | 34,1 |




1. Mynd Meðalbreytileikastuðull stangveidda laxa á árunum 1974-1986, reiknaður fyrir hvern landshluta. Þær ár sem vitað er um sveiflur í veiði aðrar en náttúrulegar eru ekki teknar með.

Tafla 13. Fjöldi veiddra laxa valinna laxveiðiáa á árunum 1974 - 1987 ásamt meðalveiði, mestuveiði (max), minnstuveiði (min), staðalfráviki (STDEV), og brytileikastuðli (%STDEV,"coefficient of variation"). Þær ár sem teknar eru með í útreikninga breytileikastuðuls eru merktar með x .

| | Nafn | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 | 1979 | 1980 | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 | 1985 | 1986 | 1987 | MEDAL VEDI | MAX | MIN | STDEV | %STDEV MEDAL |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| x | Elliðaár | 2033 | 2071 | 1692 | 1328 | 1383 | 1336 | 938 | 1074 | 1219 | 1508 | 1331 | 1157 | 1083 | 1157 | 1379 | 2071 | 938 | 342,8 | 24,9 |
| x | Úlfarsá (Korpa) | 357 | 438 | 406 | 361 | 327 | 215 | 110 | 166 | 158 | 450 | 225 | 303 | 376 | 245 | 296 | 450 | 110 | 109,6 | 37,1 |
| x | Leirvogsá | 332 | 739 | 544 | 474 | 463 | 386 | 136 | 213 | 322 | 514 | 320 | 438 | 324 | 291 | 393 | 739 | 136 | 151,5 | 38,6 |
| x | Laxá í Kjós | 1270 | 1901 | 1973 | 1677 | 1648 | 1508 | 950 | 1290 | 927 | 1545 | 1273 | 871 | 1043 | 933 | 1344 | 1973 | 871 | 372,3 | 27,7 |
| x | Bugða | 158 | 269 | 410 | 263 | 136 | 125 | 212 | 260 | 232 | 450 | 461 | 283 | 201 | 230 | 264 | 461 | 125 | 107,7 | 40,9 |
| | Meðalfellsvatn | | | 78 | | 50 | 67 | 72 | 88 | 90 | 200 | 120 | | | | 96 | 200 | 50 | 46,8 | 49,0 |
| | Brynjudalsá | 205 | 271 | 185 | 173 | 98 | | | 24 | 120 | 177 | 68 | 29 | 44 | 59 | 121 | 271 | 24 | 80,0 | 66,1 |
| x | Laxá í Leirársveit | 822 | 1654 | 1288 | 1154 | 1252 | 899 | 707 | 670 | 545 | 708 | 742 | 860 | 1610 | 914 | 988 | 1654 | 545 | 349,8 | 35,4 |
| x | Andakílsá | 235 | 331 | 262 | 187 | 237 | 138 | 69 | 104 | 89 | 108 | 106 | 101 | 145 | 136 | 161 | 331 | 69 | 77,8 | 48,5 |
| x | Hvítá | 521 | 339 | 388 | 401 | 788 | 573 | 555 | 364 | 348 | 213 | 326 | 597 | 469 | 514 | 457 | 788 | 213 | 146,4 | 32,1 |
| x | Grímsá og Tunguá | 1419 | 2116 | 1439 | 1103 | 1952 | 1527 | 869 | 845 | 717 | 1382 | 1061 | 1463 | 1836 | 925 | 1332 | 2116 | 717 | 434,2 | 32,6 |
| x | Flókadalsá | 411 | 613 | 432 | 263 | 547 | 377 | 266 | 181 | 234 | 281 | 303 | 351 | 384 | 282 | 352 | 613 | 181 | 120,4 | 34,2 |
| | Reykjadalsá | 275 | 156 | 185 | 112 | 120 | 105 | 56 | 80 | 100 | 91 | 58 | 42 | 69 | 42 | 107 | 275 | 42 | 63,8 | 59,9 |
| x | Þverá | 1748 | | 2330 | 2368 | 3132 | 3558 | 1938 | 1245 | 1616 | 1901 | 1082 | 1550 | 2127 | 1703 | 2023 | 3558 | 1082 | 700,6 | 34,6 |
| x | Norðurá | 1428 | 2132 | 1675 | 1470 | 2089 | 1995 | 1583 | 1185 | 1455 | 1643 | 856 | 1121 | 1523 | 1034 | 1514 | 2132 | 856 | 385,3 | 25,5 |
| x | Gljúfurá | 150 | 522 | 356 | 400 | 461 | 286 | 130 | 101 | 184 | 225 | 110 | 138 | 280 | 73 | 244 | 522 | 101 | 143,8 | 59,0 |
| | Langá | 1379 | 2131 | 1568 | 1720 | 2405 | 1893 | 1049 | 735 | 1090 | 960 | 610 | 1155 | 1765 | 1023 | 1392 | 2405 | 610 | 535,8 | 38,5 |
| x | Urriðaá | | | | 84 | 112 | 202 | 102 | 65 | 151 | 162 | 142 | 103 | 55 | 16 | 109 | 202 | 55 | 53,4 | 49,2 |
| x | Álftá | 154 | 341 | 204 | 300 | 386 | 255 | 265 | 267 | 396 | 485 | 268 | 333 | 399 | 202 | 304 | 485 | 204 | 91,4 | 30,1 |
| x | Hítará | 383 | 525 | 351 | 346 | 649 | 314 | 167 | 252 | 202 | 201 | 151 | 203 | 506 | 273 | 323 | 649 | 151 | 149,6 | 46,3 |
| x | Haffjarðará | 613 | 559 | 595 | 624 | 950 | 701 | 494 | 465 | 562 | 625 | 549 | 562 | 1131 | 521 | 639 | 1131 | 465 | 183,4 | 28,7 |
| x | Straumfjarðará | 451 | 755 | 433 | 466 | 648 | 391 | 320 | 437 | 350 | 360 | 215 | 327 | 378 | 161 | 407 | 755 | 215 | 152,9 | 37,6 |
| x | Vatnsholtsós og vötn | | | | | 290 | 325 | 112 | 175 | 140 | 171 | 135 | 200 | 143 | | 188 | 325 | 112 | 73,0 | 38,9 |
| | Fróðá | | 182 | 199 | 254 | 225 | 234 | 130 | 94 | 75 | 100 | | | 58 | 61 | 147 | 254 | 58 | 74,1 | 50,5 |
| | Grísholtslá og Bakká | 60 | 55 | 75 | 70 | 125 | 61 | 24 | 48 | 37 | 64 | 60 | 27 | 38 | | 57 | 125 | 24 | 25,9 | 45,2 |
| x | Setbergsá | | | | | 244 | 167 | 81 | 192 | 170 | 173 | 147 | 215 | 233 | 100 | 172 | 244 | 81 | 53,0 | 30,8 |
| | Valshamarsá | | 6 | | 10 | 18 | 14 | | 33 | | | 40 | 15 | | | 19 | 40 | 10 | 12,4 | 64,0 |
| x | Laxá á Skógarströnd | 99 | 167 | 114 | 190 | 179 | 177 | 109 | 183 | 121 | 201 | 189 | 277 | 218 | 117 | 167 | 277 | 109 | 50,2 | 30,0 |
| x | Dunká | | | | 83 | 76 | 142 | 58 | 138 | 85 | 129 | 52 | 135 | 124 | 68 | 99 | 142 | 52 | 34,7 | 35,0 |
| | Skrauma | 6 | 10 | | 22 | 23 | 18 | 10 | | | 32 | 16 | 16 | 23 | | 18 | 32 | 10 | 7,7 | 44,0 |

(framhald)

| | Nafn | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 | 1979 | 1980 | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 | 1985 | 1986 | 1987 | MEDAL VEDI | MAX | MIN | STDEV | %STDEV MEDAL |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| x | Hörðudalsá | 74 | 55 | 55 | 51 | | | 51 | 55 | 27 | 87 | 50 | 79 | 43 | 18 | 54 | 87 | 27 | 19,8 | 36,8 |
| x | Miðá í Dölum | 117 | 245 | 121 | 146 | 135 | 203 | 85 | 182 | 132 | 161 | 128 | 46 | 101 | 35 | 131 | 245 | 46 | 56,6 | 43,2 |
| x | Haukadalsá | 810 | 914 | 904 | 862 | 926 | 630 | 408 | 814 | 598 | 886 | 633 | 499 | 817 | 650 | 739 | 926 | 408 | 167,4 | 22,6 |
| | Laxá í Dölum | 341 | 547 | 488 | 419 | 533 | 630 | 324 | 671 | 650 | 947 | 903 | 1600 | 1907 | 1408 | 812 | 1907 | 324 | 492,1 | 60,6 |
| x | Fáskrúð | 202 | 298 | 136 | 242 | 226 | 261 | 140 | 190 | 154 | 214 | 165 | 257 | 449 | 381 | 237 | 449 | 136 | 90,4 | 38,2 |
| | Laxá í Hvammssveit | | | | | | | | | 32 | 84 | 39 | 24 | | | 45 | 84 | 24 | 26,9 | 60,1 |
| x | Kjallakstaðaá(Flekkudalsá) | 300 | 462 | 343 | 342 | 467 | 509 | 293 | 255 | 237 | 249 | 189 | 133 | 244 | 129 | 297 | 509 | 133 | 118,5 | 40,0 |
| x | Krossá á Skarðsströnd | 106 | 120 | 109 | 81 | 106 | 156 | 115 | 157 | 126 | 203 | 93 | 27 | 117 | 51 | 112 | 203 | 27 | 43,8 | 39,1 |
| x | Búðardalsá | 35 | | | | 100 | 120 | 131 | 71 | 54 | 71 | 32 | 51 | 55 | 56 | 71 | 131 | 32 | 32,9 | 46,6 |
| | Hvolsá og Staðarhólsá | 126 | 136 | 185 | 163 | 180 | 90 | 18 | 140 | 111 | 100 | 144 | 137 | 323 | 101 | 140 | 323 | 18 | 67,5 | 48,4 |
| | Fjarðarhornsá | | | | 8 | 0 | 38 | 8 | 18 | 34 | 60 | 31 | | 29 | 12 | 24 | 60 | 0 | 18,1 | 75,9 |
| x | Laugardalsá í Ísafj.djúpi | 309 | 601 | 245 | 681 | 703 | 596 | 276 | 288 | 250 | 181 | 125 | 421 | 386 | 190 | 375 | 703 | 125 | 194,5 | 51,9 |
| | Ísafjarðará | 10 | 27 | | 52 | 29 | 25 | 12 | 12 | 9 | | 5 | 6 | 14 | 3 | 17 | 52 | 5 | 14,0 | 82,5 |
| x | Langadalsá | 78 | 172 | 170 | 189 | 203 | 277 | 206 | 111 | 101 | 98 | 31 | 54 | 112 | 67 | 134 | 277 | 31 | 70,3 | 52,6 |
| x | Hvannadalsá | 57 | | 56 | | 120 | 101 | 47 | 30 | 45 | 27 | 24 | 71 | | | 58 | 120 | 24 | 31,7 | 54,9 |
| x | Selá í Steingrímsfirði | 34 | 22 | | 27 | 17 | 17 | 23 | 6 | 7 | 0 | 7 | 44 | 22 | 18 | 19 | 44 | 0 | 12,2 | 64,8 |
| x | Staðará í Steingrímsf. | 44 | 100 | 108 | 124 | 101 | 95 | 72 | 46 | 41 | 26 | 25 | 28 | 64 | 40 | 65 | 124 | 25 | 34,3 | 52,5 |
| x | Víðidalsá í Steingrímsf. | 182 | 49 | 54 | 61 | 93 | 104 | 98 | 34 | 54 | 12 | 16 | | 56 | | 68 | 182 | 12 | 46,5 | 68,6 |
| x | Hrófá | | 20 | | 22 | 56 | 37 | 48 | 41 | 29 | 14 | 21 | 54 | 62 | 23 | 36 | 62 | 14 | 16,4 | 46,0 |
| x | Krossá í Bitru | | | | 49 | 140 | 125 | 151 | 153 | 109 | 90 | 41 | 109 | 180 | 121 | 115 | 180 | 41 | 42,7 | 37,1 |
| x | Víkurá | 5 | 38 | 92 | 68 | 121 | 219 | 125 | 174 | 61 | 75 | 45 | 70 | 100 | 40 | 88 | 219 | 45 | 57,1 | 64,8 |
| x | Bakká | 44 | | | 66 | 93 | 105 | 21 | 40 | | 57 | 39 | 85 | 115 | 43 | 64 | 115 | 21 | 30,8 | 47,9 |
| x | Laxá í Hrútafirði | 9 | 32 | 18 | 23 | 17 | 39 | 43 | 61 | 45 | 126 | 165 | 133 | 98 | 69 | 63 | 165 | 17 | 49,2 | 78,4 |
| x | Hrútafjarðará og Síká | 194 | 291 | 228 | 262 | 346 | 312 | 253 | 288 | 220 | 287 | 195 | 345 | 536 | 259 | 287 | 536 | 195 | 86,4 | 30,1 |
| x | Miðfjarðará | 837 | 1414 | 1601 | 2581 | 2337 | 2132 | 1714 | 1213 | 926 | 882 | 583 | 1059 | 1719 | 1073 | 1434 | 2581 | 583 | 605,7 | 42,2 |
| x | Tjarnará á Vatnsnesi | | | 34 | | 112 | 82 | 53 | 56 | 36 | 53 | 23 | 55 | 25 | 0 | 48 | 112 | 23 | 30,4 | 63,1 |
| x | Víðidalsá og Fitjá | 1051 | 1140 | 1238 | 1792 | 1851 | 1948 | 1423 | 1392 | 1132 | 1082 | 625 | 713 | 1541 | 1563 | 1321 | 1948 | 625 | 399,8 | 30,3 |
| x | Vatnsdalsá | 706 | 832 | 571 | 1203 | 1466 | 1413 | 1033 | 985 | 721 | 879 | 699 | 856 | 1582 | 1496 | 1032 | 1582 | 571 | 340,1 | 33,0 |
| x | Laxá á Asum | 1439 | 1881 | 1270 | 1439 | 1854 | 1650 | 956 | 1413 | 1036 | 1050 | 625 | 1440 | 1857 | 1157 | 1362 | 1881 | 625 | 374,4 | 27,5 |
| | Blanda | 1173 | 2363 | 1485 | 1367 | 2147 | 906 | 778 | 1412 | 861 | 511 | 495 | 766 | 1814 | 1243 | 1237 | 2363 | 495 | 575,3 | 46,5 |
| | Svartá | 420 | 232 | 96 | 46 | 295 | 469 | 444 | 125 | 73 | 147 | 132 | 330 | 391 | 462 | 262 | 469 | 46 | 157,6 | 60,3 |
| x | Laxá Ytri | 79 | 58 | 41 | 71 | 94 | 146 | 153 | 71 | 39 | 57 | 70 | 111 | 144 | 132 | 90 | 153 | 39 | 39,8 | 44,0 |
| x | Hallá | | | | 171 | 185 | 197 | 138 | 96 | 57 | 111 | 86 | 109 | 55 | 62 | 115 | 197 | 55 | 51,3 | 44,5 |
| | Fossá í Skefilsst.hr | 5 | 6 | | 34 | 62 | 98 | 94 | 26 | 14 | 25 | 8 | 22 | 32 | 20 | 34 | 98 | 8 | 31,2 | 90,9 |
| x | Laxá í Skefilst.hr | 120 | 134 | 73 | 140 | 200 | 220 | 245 | 161 | 113 | 93 | 74 | 134 | 138 | 176 | 144 | 245 | 73 | 51,7 | 35,8 |
| x | Sæmundará | 115 | 116 | 160 | 212 | 303 | 112 | 70 | 52 | 29 | 75 | | 139 | 94 | | 123 | 303 | 29 | 75,1 | 61,0 |
| x | Húseyjarkvísl | 112 | 118 | 141 | 158 | 194 | 84 | 107 | 52 | 54 | 90 | 77 | 105 | 104 | 101 | 107 | 194 | 52 | 38,3 | 35,8 |

(framhald)

| Nafn | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 | 1979 | 1980 | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 | 1985 | 1986 | 1987 | MEDAL VEIDI | MAX | MIN | STDEV | %STDEV MEDAL |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hofsá í Vesturdal | 23 | 2 | | 15 | | 12 | 16 | 10 | 23 | | | | | | 14 | 23 | 10 | 7,4 | 51,4 |
| Kolka | | | | | | 12 | 12 | 11 | 7 | | | 24 | | | 13 | 24 | 7 | 6,4 | 48,3 |
| x Hrolleifsdalsá | | 24 | 28 | 41 | 41 | 65 | 17 | 4 | 4 | 7 | 4 | 25 | 15 | 24 | 23 | 65 | 4 | 18,0 | 78,2 |
| Flókadalsá í Fljótum | | | | | 71 | 40 | 22 | 54 | 2 | 10 | | 22 | 68 | 38 | 36 | 71 | 2 | 24,5 | 67,5 |
| x Fljótaá | 204 | 189 | 173 | 269 | 316 | 199 | 165 | 125 | 71 | 60 | 68 | 83 | 150 | 112 | 156 | 316 | 60 | 76,7 | 49,2 |
| x Eyjafjarðará | | | | | | 27 | 71 | 21 | 14 | 7 | 11 | 11 | 13 | 13 | 21 | 71 | 7 | 19,7 | 94,4 |
| x Fnjóská | 386 | 268 | 250 | 273 | 554 | 446 | 527 | 257 | 323 | 98 | 107 | 120 | 144 | 93 | 275 | 554 | 98 | 156,9 | 57,1 |
| Skjálfandafljót | | 67 | 412 | 288 | 336 | 317 | 426 | 108 | 169 | 100 | 165 | 679 | 721 | 503 | 330 | 721 | 100 | 213,5 | 64,7 |
| x Laxá í Aðaldal | 1817 | 2326 | 1777 | 2699 | 3063 | 2372 | 2324 | 1455 | 1304 | 1109 | 1256 | 1911 | 2730 | 2422 | 2040 | 3063 | 1109 | 612,5 | 30,0 |
| x Reykjadalsá og Eyvindarl. | 337 | 264 | 133 | 593 | 657 | 492 | 321 | 271 | 114 | 210 | 155 | 344 | 373 | 241 | 322 | 657 | 114 | 164,0 | 51,0 |
| x Mýrarkvísl | 210 | 201 | 121 | 181 | 221 | 197 | 169 | 242 | 179 | 248 | 215 | 388 | 490 | 252 | 237 | 490 | 121 | 94,5 | 39,9 |
| x Ormarsá á Sléttu | 123 | 117 | 147 | 275 | 286 | 119 | 124 | 54 | 45 | 87 | 73 | 203 | 350 | 275 | 163 | 350 | 45 | 97,6 | 60,0 |
| x Deildará | 158 | 189 | 168 | 224 | 357 | 164 | 111 | 93 | 27 | 55 | 69 | 234 | 253 | 178 | 163 | 357 | 27 | 88,6 | 54,4 |
| x Svalbarðsá | 234 | 172 | 155 | 240 | 257 | 158 | 167 | 51 | 36 | 41 | 29 | 161 | 171 | 176 | 146 | 257 | 29 | 77,4 | 52,9 |
| x Sandá | 288 | 238 | 315 | 474 | 418 | 411 | 380 | 138 | 53 | 47 | 35 | 257 | 340 | 403 | 271 | 474 | 35 | 149,6 | 55,2 |
| x Hölkná | 135 | 118 | 92 | 219 | 130 | 66 | 73 | 26 | 26 | 25 | 11 | 109 | 121 | 131 | 92 | 219 | 11 | 57,9 | 63,2 |
| x Hafralónsá | 343 | 302 | 227 | 312 | 276 | 264 | 180 | 36 | 60 | 52 | 25 | 132 | 223 | 296 | 195 | 343 | 25 | 113,5 | 58,2 |
| x Miðfjarðará við Bakkafj. | 147 | 144 | 183 | 248 | 242 | 135 | 80 | 39 | 15 | 39 | 32 | 116 | 168 | 43 | 117 | 248 | 15 | 77,6 | 66,6 |
| x Selá í Vopnafirði | 589 | 711 | 845 | 1463 | 1394 | 767 | 637 | 192 | 168 | 229 | 123 | 627 | 1258 | 1523 | 752 | 1523 | 123 | 492,9 | 65,6 |
| x Vesturdalsá | 391 | 329 | 326 | 513 | 498 | 268 | 141 | 42 | 34 | 61 | 47 | 280 | 197 | 380 | 251 | 513 | 34 | 166,9 | 66,6 |
| x Hofsá | 1277 | 1117 | 1253 | 1273 | 1336 | 599 | 615 | 145 | 141 | 258 | 185 | 1219 | 1631 | 1710 | 911 | 1710 | 141 | 566,7 | 62,2 |
| x Selfljót - | | | | 77 | 32 | 19 | 7 | | 6 | 15 | 16 | 65 | 70 | 32 | 34 | 77 | 6 | 27,0 | 79,5 |
| Fjarðará í Borgarf.eystri | | | | 44 | 27 | 13 | 5 | 1 | | | | | | | 18 | 44 | 1 | 17,6 | 97,8 |
| x Breiðdalsá | 126 | 123 | 76 | 248 | 412 | 248 | 153 | 41 | 20 | 21 | 4 | 78 | 158 | 257 | 140 | 412 | 4 | 116,6 | 83,1 |
| x Geirlandsá í V-Skaft. | 56 | 162 | 59 | 99 | 91 | 88 | 65 | 59 | 42 | 51 | 46 | 49 | 26 | 32 | 66 | 162 | 26 | 34,9 | 52,9 |
| x Eldvatn | 24 | 51 | 13 | 43 | 33 | 45 | 12 | 17 | 11 | 17 | 3 | 9 | 11 | 11 | 21 | 51 | 3 | 15,3 | 71,5 |
| x Tungufljót | | | 14 | 34 | 43 | 74 | 46 | 16 | 20 | 36 | 28 | 23 | 36 | 20 | 33 | 74 | 14 | 16,7 | 51,5 |
| x Kerlingadalsá og Vatnsá | | | | | 28 | 33 | 16 | 57 | 48 | 90 | 49 | 47 | | | 46 | 90 | 16 | 22,2 | 48,4 |
| x Rangárnar | | | 95 | 46 | 82 | 98 | 65 | 80 | 65 | 22 | 10 | 17 | 76 | | 60 | 98 | 10 | 31,4 | 52,6 |
| x Stóralaxá í Hreppum | 157 | 340 | 293 | 266 | 571 | 272 | 76 | 242 | 218 | 481 | 707 | 183 | 166 | 113 | 292 | 707 | 76 | 180,1 | 61,7 |
| x Brúará | 88 | 84 | 57 | 49 | 64 | 49 | 19 | 57 | 32 | 63 | 92 | 48 | 58 | 76 | 60 | 92 | 19 | 20,6 | 34,6 |
| x Sogið | | 593 | 589 | 537 | 620 | 439 | 223 | 329 | 343 | 248 | 361 | 424 | 497 | 490 | 438 | 620 | 223 | 130,8 | 29,9 |
| Hvítá í Árnessýslu | | | 1159 | | 1169 | 1028 | 299 | 762 | 634 | 846 | 941 | 550 | 990 | 965 | 849 | 1169 | 299 | 268,0 | 31,5 |
| Ölfusá | | | 549 | | 825 | 503 | 6 | 102 | 368 | 237 | 381 | 254 | 405 | 393 | 366 | 825 | 6 | 222,2 | 60,8 |
| Kálfá í Gnúpverjahr. | | | 69 | 42 | 4 | 4 | 8 | 10 | | | 19 | | 11 | 15 | 20 | 69 | 4 | 21,6 | 107,0 |
| Vatnasv. Baugsstaðaóss | | | | | | | | | 59 | 20 | 20 | 9 | 14 | 11 | 22 | 59 | 9 | 18,6 | 83,9 |
| HEILDAR VEIÐI | 30756 | 38837 | 36782 | 40140 | 51279 | 42178 | 29246 | 27012 | 24633 | 29059 | 22946 | 31685 | 43845 | 33507 | 34422 | 51279 | 22946 | 8089,0 | 23,5 |